



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

*Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382  
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. apríl 2019  
Tilv.: SRN19040014/7.19.2

Efni: Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk 2019

Um síðastliðin áramótin tók í gildi ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018. Í B-hluta 14. greinar reglugerðarinnar, sem fjallar um útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins, kemur inn nýtt viðmið sem ætlað er að koma til móts við kostnað vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli. Tilkoma þessa nýja viðmiðs útgjaldajöfnunarframlaganna má rekja til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní á síðasta ári. Umfjöllun um þennan lið þingsályktunartillögunnar má finna undir lið A.12 sem er akstursþjónusta úr dreifbýli, en markmiðið er styðja við skipulagða akstursþjónustu úr dreifbýli fyrir fatlað fólk.

Úthlutun framlagsins byggir á umsóknum frá sveitarfélögum og verður útreikningur framlagsins með svipaðri aðferðafræði og framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli en þar er tekið mið af akstursvegalengd og fjölda farþega. Áætlað er að heildarframlag vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli muni nema um 50 m.kr. á árinu 2019.

Óskað verður eftir umsóknum frá sveitarfélögum síðar á árinu og þau beðin um að fylla út þar til gert umsóknareyðublað. Á sama tíma koma nánari útskýringar um hvernig eigi að fylla út umsóknareyðublaðið.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Guðstaf Aron Guðstafsson